

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 30. október 2023 í máli nr. 32/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 30. mars 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili afhendi honum þá bifreið sem hann bókaði í 24 mánaða langtímaleigu á því verði sem kom fram á vefsíðu varnaraðila. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 5. apríl 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar innan tveggja vikna í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 25. apríl 2023. Sóknaraðili gerði athugasemdir við andsvör varnaraðila þann 3. maí 2023. Athugasemdir varnaraðila bárust sama dag.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda beggja aðila, bókunarstaðfesting, dags. 16. janúar 2023, skjáskot af auglýsingu og afrit af skriflegum samskiptum málsaðila,

Með bréfi, dags. 27. október 2023, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili bókaði bifreið af gerðinni [...] í 24 mánaða langtímaleigu í gegnum vefsíðu varnaraðila 16. janúar 2023. Í bókunarstaðfestingu sem barst með tölvupósti í kjölfarið kom fram að mánaðarleg leiga bifreiðarinnar væri 18.700 krónur. Degi síðar var sóknaraðila tilkynnt af hálfu varnaraðila að leigugjaldið hafi verið rangt skráð á vefsíðu hans vegna villu í kerfisuppfærslu á henni. Hafi uppgefið verð því aðeins numið 10% af leiguverði en verðið átt að vera 187.000 krónur. Þá upplýsti varnaraðili sóknaraðila að hann gæti þar af leiðandi ekki staðfest bókunina.

Sóknaraðili byggir á því að samningur hafi stofnast milli aðila með bókun hans á bifreiðinni og krefst þess að varnaraðili efni samninginn í samræmi við efni hans. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili vísar til þess að hafa rekist á auglýsingu varnaraðila þar sem eftirfarandi hafi komið fram: „Verðlækkun! Ekki missa af þinni Tesla 3 Long Range til leigu strax“. Neðar hafi sagt: „Tesla 3 Long Range á lækkuðu verði! Tíminn er núna! Taktu þessu einstaka tilboði og fáðu þína Tesla á lækkuðu verði. Bókaðu núna“. Sóknaraðili kveðst hafa farið inn á vefsíðu varnaraðila í kjölfarið, litist vel á uppgefið verð á langtímaleigunni og ákveðið að taka tilboði varnaraðila.

Sóknaraðili kveðst hafa valið bifreiðina, hakað við skilmála varnaraðila og síðan staðfest bókun sína. Hafi hann fengið í kjölfarið tölvupóst frá varnaraðila með staðfestingu hans á bókuninni. Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi síðan sent sér tölvupóst degi síðar og neitað að afhenda sóknaraðila hina leigðu bifreið. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili standi við auglýsta verðlækkun og afhendi honum Teslu 3 Long Range til leigu á 24 mánaða samningi.

3.2. Sjónarmið varnaraðila

Varnaraðili kveðst vera bílaleigufyrirtæki sem leigir hluta bíla sinna út á svonefndri langtímaleigu. Með langtímaleigu geti neytandi gert samning til 12, 24 eða 36 mánaða í senn. Slíkur samningur sé óuppsegjanlegur á samningstíma. Með langtímaleigu greiði neytandi fast verð á mánuði fyrir bifreiðina en greiði ekkert annað. Neytandi þurfi ekki að hafa áhyggjur af afskriftum af verði bifreiðar, sem sé um 15% á ári, og leigusali greiði allan kostnað við viðhald, s.s. smurskipti, dekk og dekkjaskipti, bifreiðagjöld, tryggingar og almennt viðhald og viðgerðir. Dýrast sé að leigja bifreið í 12 mánuði en hagstæðasta verð fáið ef bifreið sé leigð í 36 mánuði.

Varnaraðili vísar til þess að þegar neytandi fari inn á vefsíðu varnaraðila birtist þær tegundir bifreiða sem neytandi geti valið úr. Sé smellt á einhverja tegundina birtist nánari upplýsingar um viðkomandi bifreið, þar á meðal verð fyrir 12 mánaða leigu, 24 mánaða leigu og 36 mánaða leigu, allt saman á skjánum, þannig að neytandi fái strax upplýsingar um mismunandi verð eftir leigutíma og geti smellt á þann mánaðarfjölda sem honum lítist best á, til þess að undirbúa bókun.

Varnaraðili segir að í því tilviki sem hér um ræði hafi villa við kerfisuppfærslu orðið til þess að rangt verð hafi verið skráð fyrir 24 mánaða samning vegna Teslu 3 Long Range bifreið. Að sögn varnaraðili hafi þrjú verð fyrir þrenns konar samningstíma birst sóknaraðila þegar hann hafi smellt á umrædda bifreið. Hafi sóknaraðili því séð á tölvuskjánum, allt á sama stað, að mánaðarverð fyrir bifreiðina í 12 mánuði hafi verið 201.800 krónur og að mánaðarverð fyrir leigu í 36 mánuði hafi verið 169.600 krónur. Uppgefið verð fyrir mánaðarleigu í 24 mánuði hafi hins vegar verið 18.700 krónur sem varnaraðili kveður augljóslega hafa verið rangt skráð og hafi sóknaraðila mátt vera það ljóst. Rétt verð hafi átt að vera 187.000 krónur en vegna áður nefndrar kerfisvillu hafi aðeins fimm tölustafir verið skráðir í stað sex.

Varnaraðili byggir á því að samningur aðila sé ógildur í skilningi laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga (sml.). Sú meginregla gildi í íslensku réttarkerfi að samninga beri að halda. Sæti meginreglan þó ýmsum undantekningum, sem margar séu lögfestar í III. kafla laganna. Samkvæmt 1. mgr. 32. gr. sml. er löggerningur, sem vegna misritunar eða annarra mistaka af hálfu þess er gerði hann hefur orðið annars efnis en til var ætlast, ekki skuldbindandi fyrir þann sem gerði hann ef sá maður, sem löggerningnum var beint til, vissi eða mátti vita að mistök hefðu átt sér stað. Varnaraðili segir að af ákvæðinu leiði að þrátt fyrir að mistök verði við gerð löggernings sé hann almennt talinn vera skuldbindandi þegar löggerningsmóttakandi sé í góðri trú um efni hans. Það eigi þó hins vegar ekki við ef löggerningsmóttakandi vissi eða mátti vita að mistök eða misritun hafi verið gerð af hálfu löggerningsgjafa. Við mat á því hvort löggerningsmóttakandi hafi verið í góðri trú eða ekki, taki ákvæðið mið af því hvað viðtakandanum hafi verið, eða mátti vera kunnugt um, þegar gerningurinn hafi komið til vitundar hans. Þess sé þó ekki krafist að löggerningsmóttakanda hafi verið kunnugt um það hvernig löggerningsgjafi hafi ætlað í raun að haga yfirlýsingunni. Að mati varnaraðila hafi sóknaraðila mátt

sannarlega vera ljóst að mistök eða misritun hafi átt sér stað þegar verð vegna langtímaleigu á Tesla 3 Long Range hafi verið ranglega skráð. Því sé um ógildan löggerning samkvæmt 1. mgr. 32. gr. sml. að ræða. Samkvæmt því verði sem tilgreint hafi verið í bókuninni, hefði leigan í reynd numið 600 krónum á dag en endurgjald á ári myndi samkvæmt því einungis dekka tryggingar á bílnum og fengi leigusali því ekkert endurgjald fyrir bifreiðina í 24 mánuði og myndi auk þess að bera afskriftir og allan rekstrarkostnað hennar fyrir utan tryggingar. Sóknaraðili hafi því mátt gera sér grein fyrir því að ekki hafi verið um rétt verð að ræða, sérstaklega í ljósi þess að villan hafi aðeins verið fyrir 24 mánaða leigu. Hafi sóknaraðila því borið, á grundvelli meginreglu kauparéttar um gagnkvæma tillitskyldu samningsaðila að kynna sér nánar hvað kynni að skýra hina sérstæðu verðlagningu.

Varnaraðili mótmælir því að honum beri að afhenda sóknaraðila bifreiðina á auglýstu verði með vísan til laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Varnaraðili segir að í fyrrnefndum lögum sé ekki kveðið á um afdráttarlausu skyldu til að tilgreina verð í öllum auglýsingum, en í þeim auglýsingum þar sem verðs sé getið skuli það ávallt vera endanlegt. Í þeirri auglýsingu varnaraðila sem sóknaraðili vísi til hafi ekkert verð komið fram. Þar hafi aðeins verið vísað til lækkunar verðs en ekki hver fjárhæð lækkunar þess væri. Geti sóknaraðili þar af leiðandi ekki farið fram á að varnaraðili afhendi honum bifreiðina á auglýstu verði enda ekkert verð tiltekið í umræddri auglýsingu.

Varnaraðili vísar til þess að í 5. mgr. 3. gr. reglna nr. 536/2011 um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum segi að fyrirtæki skuli selja vöru á því verði sem verðmerkt sé, einnig þótt um mistök sé að ræða. Þetta eigi hins vegar ekki við þegar kaupanda hafi mátt vera ljóst að um mistök sé að ræða. Af ákvæðinu leiði að verð í auglýsingum skuli ávallt vera rétt og hafi Neytendastofa litið svo á að fyrirtæki beri almennt hallann af því að rangt verð sé auglýst. Hins vegar sæti þessi meginregla undantekningu ef kaupanda hafi verið ljóst eða mátti vera ljóst að um mistök hafi verið að ræða. Varnaraðili bendir á að verð það sem tilgreint hafi verið í bókun sóknaraðila sé afar lágt og numið aðeins 10% af hinu rétta leiguverði. Þá liggja fyrir að villan hafi aðeins verið á 24 mánaða samningnum en hægt hafi verið að sjá að rétt verð á 12 og 36 mánaða samningunum sem hafi verið miklu hærra. Varnaraðili byggir á því að umrædd mistök á skráningu leiguverðs hafi verið þess eðlis að þau heyri undir fyrrnefnda undantekningu enda hafi sóknaraðila mátt vera fyllilega ljóst að varnaraðili hafi ekki verið að auglýsa 90% lækkun á leiguverði til 24 mánaða. Slík verðlækkun, tilboð eða afsláttur tíðkist sjaldan í íslensku viðskiptalífi og engin rök standi til þess að auglýsa slíkt verð fyrir langtímaleigusamning um svo dýra bifreið. Telur varnaraðili því ekki tækt að efna þau viðskipti sem hér sé deilt um. Í ljósi þess telji varnaraðili að misritun á söluverði falli undir 1. mgr. 32. gr. sml. og 5. mgr. 3. gr. reglna 536/2011 og beri því að víkja frá meginreglu samningaréttar um að samninga beri að halda.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Sóknaraðili vísar til þess að söluaðilar auglýsi oft tilboð á vörum sínum, oft nánast lygileg tilboð, til að lokka að viðskiptavinum. Sóknaraðili kveðst títt hafa séð 70%, 80% eða jafnvel 90% afslátt auglýstan sem sé klárlega undir kostnaðarverði vöru. Kveðst sóknaraðili hafa skilið auglýsingu varnaraðila þannig.

Sóknaraðili vísar til þess að vissulega hafi ekki staðið neitt verð í auglýsingunni sjálfri en bendir á að hlekkur hafi verið í auglýsingunni inn á vefsvæði varnaraðila um langtímaleigu bifreiða. Þar hafi sóknaraðila verið boðnir þrír

möguleikar, 12, 24 og 36 mánaða langtímaleiga. Eina verðið sem sóknaraðili hafi séð að augljóslega væri lækkað hafi verið 24 mánaða langtímaleigan. Sóknaraðili hafi skilið þetta sem „*einstakt tilboð, lækkað verð*“ eins og komi fram í auglýsingu varnaraðila.

3.4. Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi staðfest að hann hafi getað virt fyrir sér þrjú verð í einu, verð fyrir 12 mánaða leigu, 24 mánaða leigu og 36 mánaða leigu. Þá hafi sóknaraðili jafnframt staðfest að hann hafi séð að verð fyrir 24 mánaða leigu væri margfalt lægra verð en verð fyrir 12 eða 36 mánaða leigu. Varnaraðili bendir á að verðið fyrir 24 mánaða leigu hafi sannarlega verið hagstæðast en hins vegar hafi sóknaraðili mátt gera sér grein fyrir að auglýst verðlækkun væri ekki 90% fyrir 24 mánaða leigu. Allra síst á samningi til tveggja ára þar sem ljóst væri að munurinn á verði á hverri bifreið, þ.e.a.s. tap leigusala, myndi nema milljónum á ári á hverri bifreið og þannig nokkrum milljónum fyrir aðeins nokkrar bifreiðar. Sóknaraðili hafi því þannig haft allar upplýsingar til að gera sér grein fyrir að um mistök í verðlagningu hafi verið að ræða.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili bókaði bifreið af gerðinni Tesla 3 Long Range í 24 mánaða langtímaleigu í gegnum vefsíðu varnaraðila 16. janúar 2023. Í bókunarstaðfestingu kom fram að mánaðarlega leiga bifreiðarinnar væri 18.700 krónur. Degi síðar var sóknaraðila tilkynnt af hálfu varnaraðila að leigugjaldið hefði verið rangt skráð á vefsíðu hans vegna villu í kerfisuppfærslu á henni. Hafi verðið átt að vera 187.000 krónur. Neitaði varnaraðili í kjölfarið að staðfesta bókun sóknaraðila. Sóknaraðili krafðist þess að bókunin yrði efnd en hafnaði varnaraðili því.

Um viðskipti sóknaraðila og varnaraðila gilda lög nr. 16/2016 um neytendasamninga, svo og almennar reglur kröfu- og samningaréttar. Samningur aðila er fjarsölusamningur í skilningi laga nr. 16/2016 um neytendasamninga (nsl.). Ákvæði 5. gr. laganna fjallar um þær upplýsingar sem neytandi á rétt á, innan hæfilegs frests, áður en fjarsölusamningur er gerður, þar á meðal um heildarverð vöru eða þjónustu [...], sbr. d. liður 1. mgr. lagaákvæðisins. Þessar upplýsingar eiga að vera óaðskiljanlegur hluti fjarsölusamningsins samkvæmt 1. mgr. 6. gr. nsl. og ber seljandi sönnunarbyrðina fyrir því að farið sé að kröfum laganna um upplýsingagjöf.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Í því felst að samningsaðilum ber að efna gerða samninga samkvæmt efni sínu. Inntak reglunnar nær einnig til þess hluta samnings er varðar umsamið kaupverð. Í III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga (sml), er að finna undantekningar frá meginreglu samningaréttar um skuldbindingargildi samninga. Í 1. mgr. 32. gr. sml. segir að löggerningur, sem vegna misritunar eða annarra mistaka af hálfu þess er gerði hann hefur orðið annars efnis en til var ætlast, er ekki skuldbindandi fyrir þann sem gerði hann ef sá maður, sem löggerningnum var beint til, vissi eða mátti vita að mistök hefðu átt sér stað. Í ákvæðinu felst að jafnvel þó mistök verði við gerð löggernings sé hann almennt skuldbindandi þegar löggerningsmóttakandi er í góðri trú um efni hans. Það á þó ekki við ef löggerningsmóttakandi vissi eða mátti vita um mistök eða misritun af hálfu

löggerningsgjafa. Litið er til þess sem löggerningsmóttakandi vissi eða mátti vita um mistökin sjálf, en löggerningsmóttakanda þarf ekki að hafa verið kunnugt um það hvernig löggerningsgjafi ætlaði í raun að haga yfirlýsingu sinni.

Í 5. mgr. 3. gr. reglna nr. 536/2011 um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum, sem settar voru af Neytendastofu með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er mælt fyrir um skuldbindingargildi samnings gagnvart neytanda þegar mistök hafa orðið við verðmerkingu. Í ákvæðinu segir að fyrirtæki skuli „selja vöru á því verði sem verðmerkt er einnig þótt um mistök sé að ræða. Þetta á hins vegar ekki við ef kaupanda má vera ljóst að um mistök sé að ræða.“

Í 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 536/2011 kemur ekki fram við hvaða tímamark eigi að miða við mat á því hvenær kaupanda má vera ljóst að um mistök hafi verið að ræða. Er af þeim sökum ekkert því til fyrirstöðu að horfa á málið út frá ógildingarreglum samningaréttarins. Gagnstæð skýring, þ.e. að 2. mgr. 3. gr. reglnanna feli í sér strangara mat en myndi leiða af almennum reglum, á ekki stoð í reglunum sjálfum. Þar að auki væri verulegur vafi um hvort slík reglusetning ætti fullnægjandi stoð í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, enda veita ákvæðin framkvæmdarvaldinu ekki heimild til þess að víkja frá ógildingarreglum samningaréttarins. Í greinargerð Neytendastofu, sem fylgdi reglum nr. 536/2011, er þar að auki ekkert sem bendir til þess að tilgangurinn með 2. mgr. 3. gr. reglnanna hafi verið að víkja frá þeim reglum.

Meginregla samningaréttar er sú að loforðsgjafi getur aðeins afturkallað loforð sitt fram til þess tíma þegar loforðið er komið til vitundar gagnaðila, sbr. 7. gr. sml. Hins vegar getur við sérstakar aðstæður verið litið svo á að réttmætt sé að afturkalla loforð eftir að það kom til vitundar móttakanda þess, sbr. ákvæði 38. gr. sml. sem er svohljóðandi:

„Nú er gildi samnings eða annars löggernings samkvæmt lögum þessum komið undir því, að sá maður, sem löggerningnum er beint til, hafi eigi haft eða mátt hafa vitneskju um tiltekin atvik eða að hann að öðru leyti hafi verið grandlaus, og skal þá á það líta, sem hann vissi eða mátti vita á þeirri stund, er löggerningurinn kom til vitundar honum. Þegar sérstaklega stendur á, má þó einnig líta á þá vitneskju, sem hann fékk eða mátti hafa fengið eftir þann tíma, en áður en löggerningurinn hafði áhrif um ráðstafanir hans.“

Í seinni málslið ákvæðisins er samkvæmt framangreindu mælt fyrir um að við sérstakar aðstæður megi líta til vitneskju, sem kom til vitundar aðila eftir að samningur var gerður, við mat á gildi hans samkvæmt ákvæðum laganna. Í úrskurði kærunefndarinnar í máli nr. 84/2021 var fallist á beitingu reglunnar í samskonar máli og hér er til meðferðar, en litið var til 1) stöðu aðila, 2) að mistökin áttu sér trúverðuga skýringu, þ.e. að einn tölustaf hafi vantað við verðmerkinguna, 3) þess mikla verðmunar sem var á útsöluverði og raunvirði söluhlutarins (eða 90%), 4) að fjárhagslegt tjón varnaraðila yrði nokkurt ef fallist væri á að honum bæri að efna samninginn samkvæmt efni sínu, 5) að mistökin voru leiðrétt mjög skömmu eftir kaupin og 6) að vegna hins mikla verðmunar hefði sóknaraðili átt að hafa hugboð um mistökin, sem gerði það að verkum að vægari kröfur voru gerðar en ella til beitingar 2. másl. 38. gr. Að mati kærunefndarinnar er ekki þörf á því að öll atriðin

eigi við, en skoða verður atvik heildstætt við mat á því hvort til greina komi að beita lagaákvæðinu.

Með vísan til framangreinds verður m.a. að líta til stöðu málsaðila, en um er að ræða fyrirtæki í atvinnurekstri gagnvart neytanda og ætti almennt að túlka vafa í slíkum viðskiptum neytanda í hag. Þær upplýsingar sem veittar eru af hálfu seljanda, um verð á vöru samkvæmt verðmerkingum, eiga almennt að skapa væntingar hjá neytanda um raunverulegt söluverð vörunnar og þar með um efni samnings um kaup á vörunni þegar kaup hafa farið fram. Er það í samræmi við skilgreiningu samningaréttar á því hvenær tilboð telst bindandi loforð fyrir móttakanda þess, svo og þá meginreglu samningaréttar að samninga beri að efna samkvæmt efni sínu.

Að mati kæruneftdarinnar verður að leggja til grundvallar að mistök hafi verið gerð við skráningu verðs á 24 mánaða langtímaleigu Tesla 3 Long Range á vefsíðu varnaraðila, þar sem það var skráð á um 10% af því verði sem átti að vera á leigunni. Í ljósi hins mikla verðmunar er sú skýring trúverðug að fimm tölustafir hafi verið slegnir inn í stað sex við verðlagninguna. Samkvæmt upplýsingum frá varnaraðila var uppgefið verð fyrir 12 mánaða langtímaleigu 201.800 krónur og 36 mánaða langtímaleigu 169.600 krónur. Hins vegar var tilgreint verð vegna 24 mánaða langtímaleigu 18.700 krónur.

Með hliðsjón af málsatvikum og framlögðum gögnum telur kæruneftndin óvarlegt að leggja til grundvallar að sóknaraðila hafi, á þeim tímapunkti er bókunin var gerð, verið eða mátt vera kunnugt um mistökin. Í því sambandi verður að líta til þess að varnaraðili auglýsti verðlækkun á leiguverði Tesla 3 Long Range í langtímaleigu á samfélagsmiðlum sínum. Þá liggur ekkert fyrir að sóknaraðili hafi sérstaka þekkingu á verðlagningu leigubifreiða í langtímaleigu umfram hinn almenna neytanda. Ekki er unnt að gera þær kröfur til neytenda að þeim beri að efast um réttmæti á framsetningu tilboða fyrirtækja, jafnvel þótt um verulega lækkun sé að ræða. Þekkt er að seljendur bjóði vörur á mjög lágum kjörum og geta ástæður þess verið ýmsar. Á hinn bóginn mátti sóknaraðili vita að um mjög lága verðlagningu var að ræða, og því hefði það ekki átt að koma honum í opna skjöldu að verðlagningin skýrðist af mistökum varnaraðila, þótt ekki sé fallist á að hann hafi verið í vondri trú við kaupin.

Í málinu liggur hins vegar fyrir að varnaraðili tilkynnti sóknaraðila um mistök við verðlagningu á langtímaleigunnar strax að morgni næsta dags eftir að sóknaraðili bókaði leiguna. Er því ljóst að varnaraðili tilkynnti sóknaraðila um mistökin án tafar eftir að þau komu í ljós. Á þeim tíma hafði bifreiðin ekki verið afhent sóknaraðila og sóknaraðili hafði ekki lagt í neinar ráðstafanir vegna samningsins. Engin greiðsla fór fram og ekkert liggur fyrir um að sóknaraðili verði fyrir fjárhagslegu tjóni ef samningurinn verður ekki efndur af hálfu varnaraðila. Þá verður ekki framhjá því litið að um verulegan verðmun var að ræða þar sem hið tilgreinda leiguverð var 10% af raunvirði leigunnar samkvæmt hinu ranga tilboði varnaraðila. Líkt og varnaraðili hefur borið við í málinu þykir ljóst að fjárhagslegt tjón hans verður nokkurt ef fallist yrði á að honum bæri að efna samninginn samkvæmt efni sínu.

Eins og atvikum er háttað verður í þessu tilviki að telja hagsmuni varnaraðila ríkari af því að fá samningnum hnekt en hagsmuni sóknaraðila af því að samningurinn haldi gildi sínu. Vegur hér þyngst sá mikli verðmunur sem var á tilboðsverðinu og raunvirði leigunnar sem og að mistökin voru leiðrétt svo skömmu eftir bókunina. Þá verður að líta til þess að sóknaraðili hlaut að hafa a.m.k. hugboð

um að verðlagningin gæti verið byggð á mistökum, þótt ekki sé fallist á að hann hafi verið í vondri trú við kaupsamningsgerðina. Í þessu sambandi er vísað til þess uppgöfin verð fyrir langtímaleigu sömu bifreiðar til bæði 12 og 36 mánaða voru margfalt hærri og sýnileg sóknaraðila við bókunina. Slíkt hugboð gerir það að verkum, að mati nefndarinnar, að vægari kröfur en ella eru gerðar til þess að líta megi til vitneskju sem sóknararaðili öðlaðist eftir samningsgerðina, sbr. 2. másl. 38. gr. laga nr. 7/1936. Í ljósi þessara mjög sérstöku aðstæðna er fallist á með varnaraðila að samningurinn hafi verið óskuldbindandi fyrir hann skv. 1. mgr. 32. gr. sml., sbr. og einnig 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 536/2011. Kröfu sóknaraðila er því hafnað.

V
Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Víðir Smári Petersen
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson